



Fundargerð

Boðandi Hjalti Jón Guðmundsson

Staðsetning Matvælaráðuneytið

Dagsetning 06.03.2024

Tími 15:00 – 16:00

Málsnúmer MAR23110130

Boðuð Kolbeinn Óttarsson Proppé, Þorgils Torfi Jónsson, Valgerður Sigurðardóttir og Sigurgeir Bárðason

Þátttakendur Allir mættir

23. fundur Umhverfissjóðs sjókvíaeldis

1. Ráðning sérfræðinga til að meta um sóknir

Almennar umræður voru á fundinum um hvort ráða skuli matsmenn til að meta umsóknir, sbr. heimild í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 874/2019 um Umhverfissjóð sjókvíaeldis þar sem segir:

„Stjórn sjóðsins getur jafnframt leitað umsagna og upplýsinga frá opinberum aðilum varðandi tilteknar umsóknir sem og sérfræðipjónustu utanaðkomandi sérfræðinga á sviði fiskeldis og líffræði við mat á umsóknum.“

Stjórn sjóðsins var sammála um að það væri gagnlegt að ráða matsmenn í ár sem myndu meta umsóknir áður en stjórn myndi leggja faglegt mat á þær.

2. Matsþættir vegna yfirferða umsókna ársins 2024

Samkvæmt reglugerð og úthlutunarreglum sjóðsins skal stjórn við mat á umsóknum leggja áherslu á ákveðna þætti. Stjórn fór yfir þessa þætti og samþykkti að þeir yrðu óbreyttir í ár. Umræða var um að ef ráðnir yrðu sérfræðingar skv. dagskrárlið 1 hér að framan, þá væri gagnlegt að mat þeirra færi einnig eftir sömu viðmiðum.

3. Lokaskýrslur

Tvær lokaskýrslur höfðu borist stjórn. Annars vegar verkefnið *Vöktun botntvisar með erðafræðilegum aðferðum (2022)* og *Áhrif fiskeldis á fugla og sjávarspendýr (2021)*. Stjórn samþykkti báðar skýrlurnar og fól starfsmanni að láta styrkþega vita og greiða seinni greiðslu styrks.